



294. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í gegnum Teams fjarfundabúnað, mánudaginn 17. september 2020 kl. 17:30.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Dominiqua Alma Belányi, Knútur G. Hauksson, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Þráinn Hafsteinsson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Hann óskaði Ásu Ólafsdóttur til hamingju með 50 ára afmælið 1. september sl.

Dagskrá:

1. Fjárhagslegar upplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir sjö mánaða rekstur ÍSÍ. Reksturinn er í góðu jafnvægi og stefnir í að afkoman verði betri en áætlað var.

2. Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Framkvæmdastjóri skýrði frá niðurstöðum úttektar eldvarnareftirlitsins og Securitas. Nokkrar ábendingar og athugasemdir voru gerðar við úttektina og er verið að ljúka við lagfæringar í miðstöðinni í kjölfar þeirra.

Samþykkt að fara í útboð á viðgerðum á þaki miðstöðvarinnar með þeim fyrirvara að hafna megi öllum tilboðum.

3. Ólympísk málefni

Þórey Edda Elísdóttir formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Fundað hefur verið með öllum sérsamböndum og er staða þeirra afar misjöfn, bæði starfslega og fjárhagslega.

Verið er að skoða hvort og þá hvernig ÍSÍ getur helst aðstoðað smæstu samböndin.

Vinnuhópar á vegum sviðsins, um mannvirki, tryggingar og skólamál, eru að störfum og miðar ágætlega í þeirri vinnu.

4. Fagsvið ÍSÍ

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins.

Vinnuhópur um endurskoðun á þjálfaramenntun er langt kominn með sitt verkefni. Stöðuskýrsla hópsins er væntanleg ásamt fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára.

Ólympíuhlaupið var ræst 8. september sl. á Grundarfirði við góðar undirtektir.

Forvarnardagurinn verður 7. október nk. ÍSÍ er samstarfsaðili verkefnisins líkt og fyrri ár. Landlæknir hefur lagt verkefninu til fé, því til stuðnings.

Stjórnendanámskeið ÍSÍ stendur nú yfir. Stefnt er að því að halda sambærilegt námskeið á Akureyri í október/nóvember.

Fjarhádegisfyrirlestur Birnu Varðardóttur um orkuskort í íþróttum verður 23. september nk.

Stefnt er að því að halda fjarráðstefnu um rafleiki og íþróttir í lok október, ef samkomulag næst við fyrirhugaða fyrirlesara.

Umræður urðu um þjálfarastyrki Verkefnasjóðs ÍSÍ, umsóknarferli og úthlutanir.

Þróunar- og fræðsluvið er að skoða mögulegar breytingar á því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur og stefnir að því að leggja fljótlega fram tillögur þar að lútandi.

Ása Ólafsdóttir, meðlimur fagraðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, fór yfir helstu verkefni sviðsins. Göngum í skólann hófst 2. september í Breiðagerðisskóla, að viðhöfðum ítrustu sóttvörnum. 74 skólar eru skráðir til þátttöku eða sami fjöldi og í fyrra.

Íþróttavika Evrópu er 23.-30. september nk. Dagskrá vikunnar hefur tekið miklum breytingum Covid-19 faraldursins. Sjónum verður beint að samstarfi við framhaldsskólana í landinu að þessu sinni.

Sviðið mun halda vinnufund í október nk. um framtíðaráherslur í starfi sviðsins.

Undirbúningur fyrir Lífshlaupið 2021 er hafinn.

5. Málefni COVID-19

Forseti fór yfir stöðu mála. Búið er að greiða út allar 450 milljónirnar sem ríkið úthlutaði til íþróttahreyfingarinnar til að koma til móts við tekjufall á tímabilinu mars-maí. Lýsti hann yfir ánægju sinni með úthlutunina.

Hann skýrði frá því að unnið væri stíft að því að fá meira fjármagn til íþróttahreyfingarinnar, bæði í sértækar aðgerðir sem og aðrar. Minnisblað var sent til ráðherra í dag þar sem m.a. kom fram samanburður við Norðurlöndin um stuðning ríkis til íþróttá á tímum Covid-19. Sá samanburður er ekki íþróttahreyfingunni á Íslandi í vil. Framkvæmdastjóri skýrði frá fyrirkomulagi vegna reglna sérsambanda varðandi Covid-19. Ráðuneytið sett í hendur ÍSÍ að annast milligöngu og eftirlit varðandi þær reglur og Örvar Ólafsson verkefnastjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ hefur haft umsjón með því verkefni í samstarfi við framkvæmdastjóra. ÍSÍ er einnig milligönguaðili varðandi undanþágur fyrir landslið. Mikið starf er í kringum allt regluverk í tengslum við faraldurinn og íþróttir þessar vikunnar í síbreytilegu umhverfi sóttvarna og takmarkana. Almennar umræður urðu um stöðu mála, helstu áskoranir íþróttá- og ungmennafélaga og hlutverk ÍSÍ í faraldrinum.

6. Formannafundur

Fundurinn verður haldinn 13. nóvember nk. Rætt um fyrirkomulag og dagskrá fundarins.

Samþykkt að fundurinn verður fjarfundur. Starfsfólki falið að stilla upp dagskrá og fyrirkomulagi með hliðsjón af því.

7. 75. Íþróttaping ÍSÍ 2021

Rætt um mögulegar dagsetningar fyrir næsta Íþróttaping ÍSÍ. Ákvörðun um málið vísað til næsta fundar framkvæmdastjórnar.

8. Aðalfundur EOC

Forseti skýrði frá bréfi sem ÍSÍ sendi til EOC vegna ágreinings vegna embættis forseta EOC í kjölfar andláts forsetans. Ársþing EOC er fyrirhugað 27. nóvember nk. Aðalfundur GSSE er áætlaður við sama tækifæri.

9. Norrænn fundur íþróttasamtaka

Forseti skýrir frá fundinum sem haldinn var 11. sept. sl.

Samráðsfundur sem þessi koma að miklu gagni því þar fáum við mikilvægar upplýsingar meðal annars um stuðning ríkisstjórna annarra Norðurlanda vegna Covid-19.

10. Starfsskýrsluskil

Skrifstofustjóri fór yfir stöðu mála. Skil á skýrslum eru góð og komið að því að vinna tölfræðiupplýsingar úr skýrsluskilunum. Þeirri vinnu verður lokið fyrir Formannafund ÍSÍ og verður væntanlega kynnt þar.

11. Innra skipulag

Framkvæmdastjóri skýrir stöðu mála. Málið er í vinnslu.

12. Þjóðarleikvangar

Forseti skýrði frá því að skýrsla vinnuhóps ÍSÍ hefur verið lagfærð aðeins og hana er að finna í fundargögnum framkvæmdastjórnar á Teams svæði stjórnar.

Forseti skýrði einnig frá því að skýrslu vinnuhóps ráðherra um þjóðarleikvanga fyrir innanhússípróttir hefur verið skilað til ráðherra og borgarstjóra til kynningar. Forseti átti sæti í þeim vinnuhópi. Hann skýrði frá helstu niðurstöðum skýrslunnar.

13. Erindi Meet in Reykjavík vegna umsóknar um ráðstefnu FIS

Framkvæmdastjóri skýrði erindi Meet in Reykjavík og Skíðasambands Íslands (SKÍ). Óskað er eftir stuðningsbréfi frá ÍSÍ vegna umsóknar SKÍ og Meet in Reykjavík um alþjóðlega ráðstefnu FIS 2024.

Samþykkt að leggja verkefninu lið með því að skrifa bréf því til stuðnings.

14. Heiðranir

Forseti skýrði frá því að hann og framkvæmdastjóri hefðu afhent Sigmundi Hermundssyni Gullmerki ÍSÍ á heimili hans í Garðabæ. Heiðursveitingin var samþykkt af stjórn fyrr á árinu.

Heiðursráði ÍSÍ falið að skoða mögulegar heiðursveitingar í tengslum við Formannafund ÍSÍ.

15. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 292. og 293. fundur framkvæmdastjórnar
- 13. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ frá 14. september 2020
- Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 10. september 2020
- Afrekssjóðs ÍSÍ frá 14. september 2020
- Fundar laganefndar ÍSÍ frá 9. september. **Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála, sbr. fundargerð, samþykktar.**

16. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

17. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir eru áætlaðir 22. október og 12. nóvember næstkomandi.

18. Önnur mál

Uppbygging íþróttamannvirkja

Framkvæmdastjóri skýrði frá vígslu knatt húss í Mjódd og skóflustunga að nýju íþróttahúsi Íþróttafélags Reykjavíkur við sama tækifæri. Hafsteinn Pálsson, 2. varaforseti, mætti til viðburðarins og færði félaginu blómvönd að gjöf frá ÍSí.

Vígsla fimleika- og frjálsíþróttahúss á Egilsstöðum fór fram 12. september sl. Hafsteinn Pálsson, 2. varaforseti, mætti til viðburðarins og færði Íþróttafélaginu Hetti blóm í tilefni vígslunnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.